



Samfélags- og náttúrufræði.

Kennari: Hjördís Rut Jónsdóttir

Í vetur verður samfélags- og náttúrufræði meðal annars kennd í þeim nokkrum sinnum yfir skólaárið. Hvert þema getur tekið allt frá einum mánuði upp í þrjá mánuði í kennslu og fléttast þá saman við markmið úr báðum greinum. Stór hluti námsins fer fram í umræðu í samverustundum sem og við nám utandyra.

Í aðalnámskrá segir:

Samfélagsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallarþáttum og gæðum mannlegs lífs, með því að útskýra margvíslegar skyldur, réttindi og gildi sem að eru órjúfanlegir þættir af félagslegum og siðferðislegum veruleika okkar; s.s. réttlæti, þekking, frelsi, vinátta, virðing og ábyrgð.

Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Fjölbreyttir kennsluhættir eru mikilvægir í náttúrugreinum þar sem kennarinn hagnýtir búnað og aðstæður á hverjum stað. Val á viðfangsefnum gerir nemendum kleift að sinna því sem þeir hafa áhuga á eða eru forvitnir um að ígrunda eigin reynslu.

Úr hæfniviðmiðum Náttúru- og samfélagsgreina aðalnámskrár fyrir 1.-4. bekk veljum við 5 hæfniviðmið til að vinna með í vetur og skrá í hæfnikort á mentor.

Þau eru:

Umhverfið

- Gerir sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi.
- Gengur vel um umhverfið og áttar sig á mikilvægi þess.

Borgarvitund



- Geta sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins.

Saga

- Geta uppgötvað og nefnt dæmi um einkenni og sögu heimabyggðar.

Jörðin okkar

- Geta gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.

Hæfniviðmið

Við lok I. bekkjar geti nemandi:

- Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.
- Unnið vel og farið eftir fyrirmælum.
- Sýnt samkennd og lagt áherslu á virðingu við aðra í leik og starfi og geti sett sig í spor annarra.
- Borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Upplifað og þekkt nærumhverfi sitt, bæði manngert umhverfi og náttúrulegt.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að gæta sín í umferðinni og nota endurskinsmerki.
- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á líf fólks.
- Gert sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur.
- Gert sér grein fyrir því að til er mismunandi fjölskyldugerð.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis.

Leiðir að hæfniviðmiðum/kennsluaðferð	Viðfangsefni/efnisval	Námsmat

Víkurskóli

Námsvísir 1.bekkur
2023-2024



• Fjölbreytt lesefni og myndefni • Umræður • Vettvangsferðir	• Umhverfið og árstíðir/Komdu og skoðaðu umhverfið • Krakkarnir í Kátugötu - umferðafræðsla	Við mat á námi nemenda er horft til áherslu á styrkleika og stuðning við framfarir. Einnig er símat allt skólaárið, fystu skref leiðsagnarmats og endurgjafir á ólíkum sviðum. Nemendur fá umsögn á vitnisburðarblaði tvisvar sinnum á skólaári.